



Ráðstefna SSSK 2010 með jákvæðni í veganesti

Okkur í sjálfstæðum skólum lætur vel að hlúa að uppbyggjandi þáttum í skólunum okkar. Þess vegna var kjörið á því herrans ári 2010 að undirstrika þá staðreynd enn frekar og skoða mannlífið með jákvæðu augunum. Fyrirlesararnir á ráðstefnunni nálguðust viðfangsefnið frá ólíku sjónarhorni: Una Steinsdóttir sagði frá erfiðum aðstæðum og hlutskipti á vinnustað, hvernig jákvæðni getur gert gæfumuninn, bæði fyrir starfsfólk og viðskiptavinum. Bryndís Björk Ásgeirsdóttir nálgaðist viðfangsefnið með fræðilegu ívafi og síðan var Gunnar Hersveinn á heimspekilegu nótunum. Auk fyrirlesara fluttu þau Árni Sigfússon og Oddný Sturludóttir ávörp og hún Margrét okkar Pála sló svo ráðstefnutóninn eins og henni einni er lagið. Ráðstefnunni lauk síðan með eftirminnilegum hætti því ráðstefnugestir slógu trumbur og önnur ásláttarhljóðfæri undir stjórn Karls Ágústars Úlfssonar. Jákvæðnin fékk enn eina birtingarmyndina í finum samhljómi ráðstefnugesta. Allt saman hollt, gott, fræðandi og uppbyggjandi. Ekki má gleyma öðrum tónlistarflutningi: Kór barna í leikskólanum Regnboganum sungu fallega fyrir okkur og Matthías Stefánsson gladdi einnig með fiðlutónunum sínum í upphafi ráðstefnu og ráðstefnuhléi. Andrés Magnússon sinnti ráðstefnustjórn með miklum ágætum.



Árshátíðin; góður endir á góðum ráðstefnukeggi



Um kvöldið var síðan brugðið á enn léttari strengi. Karlakórinn Víkingarnir sungu árshátíðargesti í rétta girinn, tríóið Klassart lék á ljúfu nótunum meðan á borðhaldinu stóð og lauk síðan tónlistarflutningi með ágætum tilprifum áður en langflestir brugðu sér á dansgólfið við undirleik húsbandsins. Sigríður Anna var glæsilegur veislustjóri og Ragnar, eiginmaður Sigríðar, lagði einnig sitt af mörkum, því hann tók fjöldann allan af myndum yfir daginn og þær fengu að njóta sín á sýningartjaldinu fram eftir kvöldi.

Það er mjög ánægjulegt að eiga saman stundir sem þessar og við viljum hvetja allt SSSK-fólk til góðrar þátttöku á næstu ráðstefnu og árshátíð að ári liðnu.

[Hér má sjá fleiri myndir frá ráðstefnu og árshátíð.](#)

Aðalfundur SSSK 2010, fimm ára afmælið okkar og KK

Aðalfundur Samtaka sjálfstæðra skóla verður haldinn fimmtudaginn 29. apríl n.k. og hefst kl. 15:30 með ávarpi Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur, borgarfulltrúa og formanni leikskólaráðs. Að loknum aðalfundarstörfum verður boðið uppá „fóður og fjör“. Þá mætir hann KK með gítarinn sinn og smellir okkur í afmælisgirinn og dillar okkur, án efa. Skráning þátttöku: gudbjorg@svth.is eða í síma 511 3000. [Dagskrá fundarins.](#)

„Skólinn okkar“ kynning á Regnboganum leikskóla

Með þessum fréttapósti fylgir kynning á Regnboganum leikskóla. Aðrir skólar eru hvattir til að senda skrifstofunni kynningarefni um skólana fyrir næstu fréttapósta. Það er gott að hafa í huga „samræmt útlit“.

